



## SAMKEPPNISSTOFNUN

23. mars 2005

### Fréttatilkynning

#### **Samkeppnisráð setur viðtæk skilyrði fyrir samruna á fjarskipta- og fjölmiðlamörkuðum sem eiga að leiða til aukinnar samkeppni.**

*Samkeppnisráð hefur sett ítarleg skilyrði fyrir annars vegar samruna Landssíma Íslands hf. og Íslenska sjónvarpsfélagsins hf. sem rekur sjónvarpsstöðina Skjá Einn og hins vegar samruna Og fjarskipta hf. (Og Vodafone) og 365 ljósvakamiðla ehf. sem m.a. reka sjónvarpsstöðvarnar Stöð 2 og Sýn. Fyrirtækin hafa sæst á að una skilyrðunum.*

#### Samruni

Seint á síðasta ári keypti Landssíminn meirihluta hlutabréfa í Íslenska sjónvarpsfélaginu (hér nefnt Skjár Einn). Nokkru síðar var tilkynnt um viðskipti sem fólu m.a. í sér samruna Og Vodafone og 365 ljósvakamiðla sem reka nokkrar sjónvarps- og útvarpsstöðvar. Með umræddum fyrirtækjakaupum freistuðu fjarskiptafyrirtækin, annars vegar Landssíminn og hins vegar Og Vodafone, þess m.a. að tryggja sér efni til sjónvarpsdreifingar um fjarskiptakerfi fyrirtækjanna þegar horft er til framtíðar. Þykir ljóst að sjónvarpsefni verði í síauknum mæli dreift um Internetið og með ADSL-tengingum þegar til lengdar lætur.

#### Samþjöppun

Með áður nefndum fyrirtækjakaupum verða til tveir hópar eða blokkir fyrirtækja sem hvor um sig er sett saman af bæði fjarskipta- og sjónvarpsfyrirtæki. Að öllu óbreyttu hefðu þessar fyrirtækjablokkir, sem eiga nær allar einkareknar sjónvarps- og útvarpsstöðvar hér á landi, yfir að ráða langmestum hluta af öllu eftirsóknarverðu erlendu sjónvarpsefni sem einkareknum stöðvum stendur til boða. Auk þess skipta umrædd fjarskiptafyrirtæki, Landssíminn og Og Vodafone, sem stýra hvorri fyrirtækjablokkinni fyrir sig, í grundvallaratriðum með sér íslenska fjarskiptamarkaðnum.

#### Samkeppnishindrun

Að mati samkeppnisráðs er ljóst að ofangreindur samruni muni leiða til mikillar samþjöppunar á þeim samkeppnismörkuðum sem hann hefur áhrif. Samþjöppunin getur, ef ekkert er að gert, útilokað aðra keppinauta frá viðkomandi mörkuðum og skaðað hag neytenda, sérstaklega þegar til lengri tíma er litið, með því að fyrirtækin samtvisni ólíka þjónustu fjarskipta- og fjölmiðlunar og með því að þau mismuni öðrum sem á markaðnum starfa. Á það ber að líta í þessu samhengi að önnur



## SAMKEPPNISSTOFNUN

fjarskiptafyrirtæki en áður eru nefnd þurfa óhjákvæmilega að eiga viðskipti við Landssímamann vegna grunnkerfis fyrirtækisins.

Ef ekkert verður að gert af hálfu samkeppnisyfirvalda er hætta á eftirfarandi:

1. Samþjökkunin mun styrkja stöðu Landssímans annars vegar og stöðu Og Vodafone hins vegar enn frekar á þeim fjarskiptamörkuðum er málið varðar þar sem önnur fjarskiptafyrirtæki munu ekki geta tryggt sér aðgang að efni til dreifingar eftir sínum dreifikerfum.
2. Með svipuðum rökum er hægt að fullyrða að samþjökkunin muni takmarka möguleika nýrra keppinauta á að komast inn á fjarskipta-, sjónvarps- og útvarpsmarkaði. Ný fjarskiptafyrirtæki muni ekki hafa aðgang að efni til að dreifa um sínar dreifileiðir. Nýjar sjónvarpsstöðvar muni ekki hafa aðgang að víðtækum dreifileiðum Landssímans og Og Vodafone sem eigi og reki öflugar starfandi sjónvarpsstöðvar í samkeppni við þær nýju stöðvar sem hugsanlega reyni að hasla sér völl.
3. Hætta er á að valkostum neytenda muni fækka þar sem hin sameinuðu fyrirtæki eigi möguleika á að tvinna saman ýmsa fjarskiptáþjónustu og t.d. sjónvarpsþjónustu. Þannig muni val neytanda á fjarskiptafyrirtæki til að skipta við takmarka valmöguleika neytandans á sjónvarpsþjónustu yfir Internettengingar. Ef neytandi hefði t.d. í hyggju samkvæmt þessu að eiga Internetviðskipti við Og Vodafone gæti hann, ef hann vildi horfa á sjónvarp fyrir atbeina Internetsins og/eða ADSL tengingar, eingöngu horft á sjónvarp sem dreift væri um kerfi Og Vodafone, þ.e. sjónvarpsdagskrár 365 ljósvakamiðla. Ef hann óskaði eftir að njóta sjónvarpsefnis Skjás Eins þyrfti hann jafnframt að vera í viðskiptum við Landssímamann.

### Íhlutun-skilyrði

Framangreind tilvik eru dæmi um samkeppnishindrandi aðstæður sem gætu skapast ef samkeppnisyfirvöld hefðust ekkert að vegna þeirrar samþjökkunar sem hér hefur verið lýst.

Til að eyða þeim neikvæðu áhrifum sem gætu hlotist af samruna Landssímans og Skjás Eins annars vegar og Og Vodafone og 365 ljósvakamiðla hins vegar og til að tryggja jafnræði með keppinautum sem starfa og starfa munu á þeim mörkuðum sem samþjökkunin hefur áhrif setur samkeppnisráð samrunafyrirtækjunum skilyrði sem fela m.a. í sér eftirfarandi:

- Fjölmíðlafyrirtækin, 365 ljósvakamiðlar annars vegar og Skjár Einn hins vegar, skulu verða við öllum málefnalegum beiðnum fyrirtækja um að fá að dreifa sjónvarps- og útvarpsmerkjum fjölmíðlafyrirtækjanna í opinni og læstri sjónvarpsdagskrá.
- Landssíminn skal veita öðrum en Skjá Einum aðgang að dreifikerfum sínum fyrir sjónvarp og útvarp.
- Landssíminn skal heimila Internetþjónustuveitum að selja ADSL tengingar fyrirtækisins til notenda gegn sama verði og viðskiptakjörum og Internetþjónusta Landssímans nýtur þannig að jafnræðis sé gætt milli Internetþjónustu Landssímans og annarra Internetþjónustuveitna.



## SAMKEPPNISSTOFNUN

- Samrunafyrirtækjunum verður óheimilt að tvinna saman sölu á fjarskipta- og sjónvarpsþjónustu.
- Í viðskiptum og öðrum samskiptum við viðskiptavini samrunafyrirtækjanna og í kynningu og markaðssetningu þeirra skulu fjarskiptafyrirtæki annars vegar og sjónvarpsfyrirtæki hins vegar koma fram hvert í sínu lagi eins og um óskyld fyrirtæki sé að ræða.
- Til að tryggja að jafnræðis sé gætt milli keppinauta á markaði fyrir dreifingu á sjónvarps- og útvarpsmerkjum skulu 365 ljósvakamiðlar veita fyrirtækjum sem dreifa sjónvarps- og útvarpsmerki félagsins aðgang að upplýsingum sem tengjast sjónvarps- og útvarpsþjónustu þess og hafa viðskiptalega þýðingu. Um getur verið að ræða upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á verðlagningu, nýja þjónustu, tilraunaútsendingar og tæknileg atriði svo dæmi séu tekin. Í þessu felst að keppinautar skulu á jafnræðisgrundvelli fá umræddar upplýsingar á sama tíma og á sama formi og viðkomandi deildir Og Vodafone og 365 ljósvakamiðla.
- Til að tryggja að jafnræðis sé gætt milli keppinauta á sjónvarps- og útvarpsmarkaði og markaði fyrir dreifingu á sjónvarps- og útvarpsmerkjum skal Landssíminn veita keppinautum sínum og keppinautum Skjás Eins á markaði aðgang að upplýsingum sem tengjast grunnfjarskipta- og dreifingarþjónustu Landssímans á sjónvarps- og útvarpsmarkaði og hafa viðskiptalega þýðingu. Um getur verið að ræða upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á verðlagningu, nýja þjónustu, dreifingu, tilraunaútsendingar og tæknileg atriði. Í þessu felst að keppinautar skulu fá þessar upplýsingar á sama tíma og viðkomandi deildir Landssímans og Skjás Eins og í sams konar formi og þær deildir.
- Innbyrðis viðskipti milli Landssímans og Skjás Eins annars vegar og Og Vodafone og 365 ljósvakamiðla hins vegar skulu vera á sama grundvelli og viðskipti milli óskyldra aðila.
- Sjónvarpsfyrirtæki Landssímans, Skjár Einn, skal rekið sem sérstakur lögaðili. Sjónvarpsfyrirtæki Og Vodafone, 365 ljósvakamiðlar, skal rekið sem sérstakur lögaðili.
- Til að tryggja að upplýsingar fari ekki á milli Landssímans og Skjás Eins annars vegar og Og Vodafone og 365 ljósvakamiðla hins vegar umfram það sem gerist á milli fyrirtækjanna og keppinauta þeirra sem jafnframt eru viðskiptamenn þeirra eru settar hömlur við stjórnarsetu í samrunafyrirtækjunum.

Það er mat samkeppnisráðs að skilyrðin sem fyrirtækin undirgangast muni tryggja aðgang keppinauta þeirra á fjarskipta- og fjölmiðlamarkaði að dreifikerfum og efni í eigu hinna sameinuðu fyrirtækja. Þannig verður þeim neikvæðu samkeppnislegu áhrifum eytt sem samruni Landssímans og Skjás Eins annars vegar og samruni Og Vodafone og 365 ljósvakamiðla hins vegar geta valdið á íslenskum fjarskipta- og sjónvarpsmörkuðum. Af skilyrðunum leiðir einnig að aðgangur keppinauta að mörkuðunum verður að mati samkeppnisráðs auðveldari en hann er nú.

Ákvarðanir samkeppnisráðs í málum nr. 10/2005 og 12/2005 má finna á vefslóð Samkeppnisstofnunar; [www.samkeppni.is](http://www.samkeppni.is).